



Fundur Ungmennaráðs

7. fundur Ungmennaráðs Langesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langesbyggðar að Langesvegi 2, þriðjudaginn 13 maí 2024 kl. 14:00

Mætt voru: Katrín Rúnarsdóttir formaður, Hólmfríður Katrín Jónsdóttir, Ása Margrét Sigurðardóttir og Kristín Svala Eggertsdóttir. Sigurbjörn V. Friðgeirsson og Sigríður Friðný Halldórsdóttir rita fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hún spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð og dagskrá.

Fundargerð

1. Verkfæraakista unga fólksins um Byggðabrag - lokaskýrsla

Skýrsla er lögð fram til kynningar. Fulltrúar ungmennaráðs munu fara inn á fund byggðaráðs til að kynna verkefnið og skýrsluna.

2. Erindisbréf Ungmennaráðs Langesbyggðar

Farið yfir breytingar sem gerðar voru á erindisbréfum Ungmennaráðs sem snéru helst að því hvernig skipað er í ráðið og föstum fundum fækkað.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir fyrirlagðar breytingar á erindisbréfum og vísa þeim í aðra umræðu. Ungmennaráð óskar eftir því að ráðið fái sama kaup og fastanefndir sveitarfélagsins líkt og er gert hjá meirihluta sveitarfélaga.

Samþykkt..

3. Atvinnustefna Langesbyggðar

Lagt fram til kynningar.



4. Kortlagning gönguleiða á Norðurlandi eystra

Markaðsstofa Norðurlands stendur fyrir verkefni að ganga leiðir og skrá þær inn í gagnagrunn 1-4 leiðir í hverju sveitarfélagi.

Bókun um afgreiðslu: Ungmennaráð mælir með að skoðað verði að skrásetja gönguleið að Grenjanesvita, Digranesvita og gamla póstleiðin við Fossá. Þá bendir ráðið á að skoða gönguleiðir á Langesi.

Samþykkt..

5. Útihátíðir í Langesbyggð

Umræður um útihátíðir sem eru á dagskrá innan Langesbyggðar í sumar.

Bókun um afgreiðslu: Ungmennaráð biðlar til að skipuleggjendur útihátíða í Langesbyggð að hafa í huga viðburði fyrir unglinga í sveitarfélaginu.

Þá stingur ungmennaráð upp á útfærslu að colour run, fjölskylduprautum fyrir alla aldurshópa, vatnsíþróttaleikir, drullublak og drullufótbolti eða sápubolti.

Samþykkt

6. Hinsegin Norðurland

Til stendur að hafa einhverja viðburði í Langesbyggð dagana 18-22 júní.

Bókun um afgreiðslu: Ungmennaráð leggur til að hafa útitónleika í tjaldi, niður við bryggju eða á fótboltavellinum með útihátíðarstemningu.

Samþykkt

7. Skapandi sumarstörf í Langesbyggð

Lagt fram til kynningar.

8. Málefni félagsmiðstöðvar

Bókun um afgreiðslu: Ungmennaráð lýsir vonbrigðum sínum yfir því að ekki er enn búið að leysa húsnæðisvanda félagsmiðstöðvarinnar. Meðlimir félagsmiðstöðvarinnar hafa



aðstoðað grunnskólann og bókasafnsvörð við að flytja barnabókasafnið yfir í Grunnskólann en það á enn eftir að finna stað fyrir fullorðins bækur. Ráðið biðlar til sveitarstjórnar að leysa úr þessu máli sem fyrst.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 15:40
Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.